

Alþingi - Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



**UMHVERFISSTOFNUN**

Reykjavík, 11. febrúar 2011  
Tilvísun: UST20110100157/sdk


**Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.**

Með bréfi, dags. 26. janúar sl., sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um efni og efnablöndur og eiturefni og hættuleg efni (EES-reglur, flokkun, merking og umbúðir), 333. mál.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að fyrir liggur meðfylgjandi mat stofnunarinnar á kostnaði við framkvæmd reglugerðar (EB) 1272/2008 um flokkun og merkingu efna og efnablandna sem frumvarpið byggir á. Í matinu hefur þegar verið tekið tillit til þeirrar fjárfestingar sem fyrir er við framkvæmd löggjafar um flokkun og merkingu efna og efnablandna.

Stofnunin bendir á að um verulega þýðingarmikla löggjöf er að ræða sem miðar að því að koma á framsæri skýrum viðvörunum um hættueiginleika efna til almennings. Stofnunin telur ekki unnt að tryggja fullnægjandi framkvæmd löggjafarinnar nema til komi það viðbótarfjármagn sem í kostnaðarmatinu greinir.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir,  
sviðsstjóri

  
Svanfríður Dóra Karlsdóttir,  
lögfraeðingur

Meðfylgjandi: Kostnaðarmat reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna

## KOSTNAÐARMAT

Reglugerð (EB) nr. **1272/2008** Evrópuþingsins og ráðsins frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem breytir og kemur í stað tilskipana 67/548/EBS og 1999/45/EB, og breytir reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

### ***1. Um efni reglugerðarinnar og áhrif á Íslandi.***

Reglugerðin gildir um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna með tilliti til sjónarmiða heilsu- og umhverfisverndar. Ábyrgðinni með flokkun efna og efnablandna er að mestu leyti færð yfir a iðnaðinn en samræmdri flokkun er viðhaldið fyrir efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi, skaðleg æxlun og valda ofnæmi í öndunarfærum auk virkra efna í varnar- og sæfieflum. Meta verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort ástæða sé fyrir samræmdri flokkun á örðrum efnum. Um er að ræða ný varnaðarmerki, sem kynna þarf fyrir notendum efna og efnavara.

Nýja flokkunin felur í sér nýja hættuflokka sem verða töluvert frábrugðnir því sem nú þekkist auk þess að innleidd verður stigskipting innan hvers hættuflokks sem er aðeins í litlum mæli nú. Merkingin verður í formi hættutákns og staðlaðra fullyrðinga hliðstætt því sem nú þekkist. Reiknireglur við ákvörðun á flokkun efnablandna verða áfram við lýði en verða með breyttu sniði og í mörgum tilfellum verður miðað við lægri styrkleikamörk. **Endurmerkja þarf alla merkingarskylda efnavöru á markaði hér á landi fyrir 15. júní 2015.**

Hvert ríki skal setja á laggirnar rafrænt þjónustuborð (help desk, sbr. 44. gr. reglugerðarinnar) með hliðstæðum hætti og í tengslum við REACH reglugerðina.

Erfitt er að áætla fjölða fyrirtækja sem reglugerðin hefur áhrif á, aðila sem flytja inn, framleiða og selja efni og efnavörur á Íslandi. Lausleg athugun á innflutningi efna og efnablandna á árunum 2005 – 2007 gefur til kynna að innflutningur vara undir IV kafla tollskrárinnar *Vörur til efnaðnaðar og tengds iðnaðar*, sem falla undir 25. – 38 kafla tollskrárinnar var á vegum 1500 – 2500 fyrirtækja eða einstaklinga. Eitthvað er líka um útflutning efna héðan og því einnig mikilvægt að þau fyrirtæki séu vel upplýst, til að það skaði ekki samkeppnisaðstöðu þeirra á Evrópumarkaði. Öll efni og efnablöndur sem flokkast sem hættuleg efni og eru seld á markaði þarf að merkja skv. nýju reglunum á komandi árum, hrein efni eigi síðar en 1. desember 2010 efni og efnablöndur eigi síðar en 1. júní 2015.

Ljóst er að mikið kynningarstarf þarf að fara fram á nýju merkjunum og merkingunum til þeirra aðila sem eru að markaðssetja efni og efnablöndur (framleiðendur, innflytjendur, útflytjendur, dreifendur og eftirnotendur). Einig markviss kynning til almennra neytenda sem versla efnavörur, ekki í atvinnuskyni, um þýðingu nýju merkjanna og merkingarnar. Fyrirhuguð eru námskeið stíluð á atvinnulífið og útgáfa fræðsluefnis til atvinnulífs og almennings. Einig hefur stofnunin mikilvægu hlutverki að gegna gagnavart heilbrigðisnefndum. En heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með verslun með hættuleg efni og eiturefni. Umhverfisstofnun hefur hér hlutverk varðandi samræmingu eftirlits og leiðbeiningar.

### ***2. Kostnaðaráætlun (upphæðir í kr.).***

Nýr kostnaður hjá Umhverfisstofnun:

Hjá stofnuninni er í dag eitt stöðugildi sem sinnir flokkun og merkingu efna og efnablandna – sem byggir á tilskipunum 67/548/EBS og 45/1999/EB. Strax í ár, er gert ráð fyrir að vinna hefjist við kynningu á nýju merkingarreglunum. Stofnunin gerir

ráð fyrir að auki sé þörf á tímabundnu hálfu stöðugildi til fjögurra ára, til viðbótar því stöðugildi sem fyrir er á stofnuninni. Þetta tímabil er fyrir árin 2011 -2014, yfirgangstímann þegar tvö merkingarkerfi eru við lýði. Gert er ráð fyrir meiri ferðakostnaði á sama tímabili, en mikilvægt er að fylgjast vel með málum á þessum yfirgangstíma til að tryggja betri innleiðingu.

	2010	2011	2012	2013	2014
Starfsmanna-kostnaður		3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000
Ferðakostnaður		400.000	400.000	400.000	400.000
Útgáfa fræðsluefnis	2.000.000	2.000.000			
<b>Samtals</b>	<b>2.000.000</b>	<b>5.900.000</b>	<b>3.900.000</b>	<b>3.900.000</b>	<b>3.900.000</b>

### 3. Rökstuðningur.

#### Starfsmannakostnaður:

Helstu verkefni:

- Vinna við að útvíkka þjónustuborð (help desk), viðbót við þjónustuborð REACH.
- Upplýsingagjöf til atvinnulífsins um skyldur þeirra, bæklingagerð, námskeið og fyrirlestrar.
- Upplýsingar til almennings, gerð fræðsluefnis og bæklinga.
- Námskeið og fyrirlestrar um framkvæmd og eftirlit fyrir heilbrigðisnefndir og aðra eftirlitsaðila.
- Framsetning gagna á heimasíðu og þýðingum á algengstu spurningum og svörum (FAQ document).
- Samvinna við önnur þjónustuborð í Evrópu. Haldnir eru 3 - 4 fundir á ári og standa fundir yfir í 2 daga, en samrýmast að hluta REHCORN, samvinnu REACH þjónustuborða. Rýni á ákvörðunum sem tekna eru á þessum vettvangi.
- Ábyrgð á móttöku upplýsinga frá Efnastofnun Evrópu og að koma þeim áleiðis til viðeigandi aðila innanlands.
- Innleiðing reglugerðarinnar – yfirlestur þýðinga fyrir þýðingarmiðstöð UTN ofl.
- Samvinna við nágrannalönd vegna innleiðingar – norrænt samstarf og hugsanlega kynnisferð.
- Samvinna við önnur lögbær yfirvöld. Þátttaka nefndum lögbærra stjórnavalda.
- Rýni og gerð athugasemda vegna breytinga á viðaukum.
- Heildaráætlun um framkvæmd og eftirlit með flokkun og merkingu
- Samvinna við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga (HES) og atvinnulíf til að gera eftirlit markvissara og að það sé þar sem þörfin er mest. Samvinna við eftirlitsaðila – stjórnun átaksverkefna um eftirlit.

#### Ferðakostnaður:

Markviss innleiðing og framkvæmd reglugerðarinnar krefst samskipta og samvinnu við stofnanir EFTA, ESB og önnur stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að sækja þurfi a.m.k. þrjá fundi á ári til útlanda sem viðbót við það sem sótt er í dag. Af þeim yrði ferðakostnaður einnar ferðar greiddur að fullu af stofnuninni, en áætlað er að flug og

gisting séu greidd af Efnastofnuninni fyrir þrjá fundi. Þrátt fyrir endurgreiðslu kostnaðar við flug og gistingu má gera ráð fyrir því að stofnunin þurfi að leggja út u.þ.b. 50.000 kr. vegna dagpeninga í hverri þeirra ferða. Áætlaður ferðakostnaður er því **400.000, kr.** á ári.

#### **Útgáfa fræðsluefnis:**

Talið er nauðsynlegt að útbúa fræðsluefnin fyrir fyrirtæki og almenning eins og gert hefur verið. Eldra efni mun nýtast að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir útgáfu bæklinga, fræðsluspjálða o.fl. Einnig verður lögð áhersla á útgáfu fræðsluefnis á heimasiðu stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að vinna við framsetningu þess efnis fari fram innan stofnunarinnar í ríkari mæli en verið hefur en gera má ráð fyrir einhverjum útgjöldum hvað þann þátt varðar. Hugsanlega þarf að þýða tiltekið efnin frá EB yfir á íslensku. Áætlað er að kostnaður við útgáfu fræðsluefnis og leiðbeininga geti numið um 2.000.000 í two ár.

#### **4. Nýr kostnaður fyrir aðra aðila.**

Ráðuneyti	Innleiðing, lagabreytingar og útgáfa reglugerða
Atvinnulíf	Reikna má með að meirihluti þeirra efna og efnablandna sem skylt er að flokka skv. reglugerðinni verði flokkaður í ríkjum utan Íslands. Í hinni nýju reglugerð er kveðið á um nýjar merkingar á eftum og efnavörum og ábyrgðin á merkingunum færst yfir á iðnaðinn. Merkja þarf upp á nýtt alla merkingarskylda efnavöru á íslensku og merkja mun fleiri tegundir efnavara en gert er í dag. Þetta er umtalsverður tímabundinn kostnaður fyrir atvinnulífið.
Samband íslenskra sveitarfélaga	Reglugerðin leiðir til tímabundins aukins álags vegna eftirlits með aðilum sem selja merkingaskylda vörur. Um er að ræða sama yfирgangstíma og hér að ofan greinir, árin 2010 – 2015. Þjálfa þarf heilbrigðisfulltrúa og þeir þurfa að kynna sér vel hinár nýju reglur og tileinka sér þær vegna eftirlits. Heilbrigðiseftirlitið gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að upplýsa starfsleyfisskylda aðila sem flytja inn merkingarskyld efni og efnablöndur um þær reglur sem gilda.
Neytendur	EKKI er um að ræða beinan kostnað fyrir neytendum. Mikilvægt er að þýðingu nýju merkinganna verði kynnt þeim er nota efnin Aukinn tímabundinn kostnaður fyrirtækja við merkingu o.fl. kann hins vegar að koma fram í verði vörunnar að einhverju leyti.